

Reykjavík, 23.09.2016

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu að aðgerðaáætlun um orkuskipti, 802. mál

Orkuveita Reykjavíkur (OR), Orka náttúrunnar ohf. og Veitur ohf. standa sameiginlega að umsögn þessari. Fyrirtækin styðja þau leiðarljós sem fram koma í þingsályktunartillögunni.

Athugasemdir við nokkra þætti í þingsályktunartillögunni

Leiðarljós – 2. Hagrænir hvatar

Fyrirtækin vilja benda á að forsendur sem stuðla að orkuskiptum eru nú þegar í formi bifreiðagjalda en gjaldstofn þeirra er CO₂ útblástur. Aukinn útblástur þýðir væntanlega hærri bifreiðagjöld og aukin eldsneytisinnkaup. Tengja mætti fastan hlut, t.d. 10%, af þeim tekjum sem koma inn af CO₂ gjöldum til þess að byggja upp innviði fyrir vistvænni farartæki.

B. Innviðir

Mikilvægt er að haft verði samráð við dreifiveitur vegna liða B3, B5, B6 og B8.

Liður 5.2 Hagrænir hvatar í athugasemdum við þingsályktunartillöguna

Í umfjöllun um innlenda orkuvinnslu bls. 17-18 leggja fyrirtækin til að undirstrikuðum og feitletruðum texta verði bætt við:

*Með aukinni innlendri orkuvinnslu til samgangna eykst orkuöryggi þar sem ekki þarf að kaupa eldsneyti af heimsmörkuðum og flytja hingað til lands og er margvíslegur ávinningur fólgin í því. Þær tegundir eldsneytis sem framleiddar eru á Íslandi eru metan, lífdísilolía og metanól **til viðbótar við rafmagn**. Metan er unnið úr sorpi, lífdísilolía úr notaðri steikingarfeiti, sláturúrgangi og reipjufræjum og metanól er unnið úr raforku og koltvísyringsútblastri frá jarðhitavirkjuninni í Svartsengi. **Rafmagn er unnið í virkjunum víða um land og Orka náttúrunnar hefur sett niður hraðhleðslustöðvar til að styðja enn frekar við notkun þessarar orkulindar**. Enn fremur hefur vetni til eldsneytisnotkunar verið framleitt hérlendis í tilraunaskyni. Síðan ákvæði laga nr. 40/2013 um söluskyldu eldsneytissala tóku gildi hefur framleiðsla innlends eldsneytis til samgangna aukist jafnt og þétt. Innlend framleiðsla hefur samkvæmt þessu fimmfaldast frá árinu 2010 og búast má við enn frekari aukningu á komandi árum.*

Annað

Fyrirtækin leggja til að fjallað sé um hjólreiðar og hjól með rafmagnshjálparmótor í þingsályktunartillögunni. Þessi hjól njóta aukinna vinsælda, eru raunverulegur valkostur á nokkrum vinnustöðum til jafns við einkabilinn og veita þeim sem hjóla á þeim hlutdeild í orkuskiptum í samgöngum.

Virðingarfyllst,



Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstjóri

Afrit: Samorka